

# Náttúruverndarstofnun

Snæfellsbær  
Klettsbúð 4, 360 Hellissandi

4. febrúar 2025  
202501-0027/A.B.  
08.09

## Efni: Lýsing - Deiliskipulag fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík í Snæfellsjökulspjóðgarði.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 9. janúar 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Skálasnaga, Öndverðarnes og Skarðsvík í Snæfellsjökulspjóðgarði.

Í greinargerð kemur fram að í deiliskipulagi er gert ráð fyrir bílastæðum við Öndverðarnes og Skarðsvík, nýju bílastæði við vegamót Öndverðanes og Skálasnaga, nýtt bílastæði við gönguleið um Neshraun ásamt því að festa í sessi núverandi bílastæði við gönguleið að Vatnsborgum, göngu- og upplifunarstígum ásamt áður nefndri salernisbyggingu við Skarðsvík. Gildandi deiliskipulag Skarðsvíkur verður fellt inn í nýtt deiliskipulag fyrir stærra svæði.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis SF-V 7<sup>1</sup> vegna sjófuglabygðar. Þar nær kría alþjóðlegum verndarviðmiðum ásamt því að á svæðinu verpa tæp 2% íslenska ritustofnsins og nokkuð af hvítmáfi. Í greinargerðinni er ekki minnst á hvernig tekið skal tillit til þessa og mælir með að bætt sé úr því.

Náttúruverndarstofnun hefur ekki fleiri athugasemdir varðandi greinargerðina.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Fróði Guðmundur Jónsson  
**sérfræðingur**

<sup>1</sup> [Náttúrufræðistofnun - Snæfellsnes SF-V 7](#)